

**FW: Eftirfarandi bókun var samþykkt á stjórnarfundum Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 22. október 2024.**

**Til** : Arna Lára Jónsdóttir <arnalara@isafjordur.is>; Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>; Hjördís Þráinsdóttir <hjordis@isafjordur.is>  
**Frá** : Almennur póstur <apostur@isafjordur.is>  
**Heiti** : FW: Eftirfarandi bókun var samþykkt á stjórnarfundum Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 22. október 2024.  
**Málsnúmer** : 2024100106  
**Málsaðili** : Samtök sjávarútvegssveitarfélaga  
**Skráð dags** : 25.10.2024 11:05:34  
**Höfundur** : Almennur póstur <apostur@isafjordur.is>  
**Viðhengi** : [image001.png](#)

Bestu kveðjur/Kind Regards,

Rakel Sýlvía Björnsdóttir

Þjónustufulltrúi

Ísafjarðarbær

450 8000 - [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

---

**From:** Gréta Mar Jónsdóttir

**Sent:** föstudagur, 25. október 2024 10:24

**Subject:** Eftirfarandi bókun var samþykkt á stjórnarfundum Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 22. október 2024.

Góðan dag

Berist til aðildarsveitarfélaga Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

*Eftirfarandi bókun var samþykkt á stjórnarfundum Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 22. október 2024.*

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir þungum áhyggjum af áhrifum mögulegs loðnubrests á íslenskt efnahagslíf. Ekki síst gætir áhrifanna hjá íbúum og fyrirtækjum í sveitarfélögum þar sem uppsjávarvinnsla er ein af meginstoðum atvinnulífsins. Ef ekki verður loðnuvertíð á næsta ári verður það annað árið í röð sem tekjutap af þeim völdum dynur yfir þessi sveitarfélög og samfélagið allt hér á landi. Jafnframt mun það hafa mjög neikvæð áhrif á hagvöxt á næsta ári sem er grafalvarlegt.

Haustmælingar á loðnu gáfu þó vísbendingar um að hægt verði að gefa út upphafskvóta og því leggja Samtök sjávarútvegssveitarfélaga mikla áherslu á að Hafrannsóknarstofnun verði fjárhagslega undir það búin að fara í öflugar bergmálmælingar í byrjun næsta árs til að hægt sé að ganga úr skugga um hvort ekki sé hægt að heimila þessar þjóðhagslega mikilvægu veiðar. Það er skýlaus krafa sjávarbyggða á Íslandi að ríkisvaldið sjái til þess að jafn mikilvæg stofnun og Hafrannsóknarstofnun sé fullfjármögnuð og gert kleift að halda úti öflugum rannsóknum á fiskistofnum þjóðarinnar til að hægt sé að tryggja sjálfbærar veiðar sem skipta sköpum fyrir íslenskt efnahagslíf.



**Gréta Mar Jósepsdóttir**  
þjónustufulltrúi / þjónustusvið  
**Beint innval:** 515 4924

**Samband íslenskra  
sveitarfélaga**  
Borgartúni 30, pósthólf 8100  
128 Reykjavík  
Sími: 515 4900 // Fax: 515  
4903  
[www.samband.is](http://www.samband.is)

---